

## Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundargerð 14.12.2018

8. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður og tími: Silfrastaðir, klukkan 20.00.

### Dagskrá:

#### 1. Fjárhagsleg málefni

- a) Fjárhagsáætlun 2019. Tillaga að fjárhagsáætlun tekin til seinni umræðu og samþykkt í kjölfarið.
- b) Nefndalaun á kjörtímabilinu. Oddviti leggur til að laun kjörinna fulltrúa í hreppsnefnd séu 2,5% af þingfararkaupi og 1,6% fyrir setinn fund í eftirtöldum nefndum: barnaverndarnefnd, fræðslunefnd, skipulag- og byggingarnefnd, þjónusturáði og samgöngunefnd. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- c) Reglur sveitarfélagsins varðandi sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist, námsgörðum eða á almennum markaði hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Tekið til umræðu og ákveðið veita 60% af leigufjárhæð, þó að hámarki 25.000 kr á mánuði. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.
- d) Skólaakstur - kostnaðaráætlun. Lagt fram til kynningar.

#### 2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- a) Fundargerð 39. fundar stjórnar SSNV. Lögð fram til kynningar.
- b) Fundargerð 865. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga. Lögð fram til kynningar.

#### 3. Erindi og bréf

- a) Umf. Smárinn, styrkbeiðni. Lagt fram til seinni umræðu og afgreiðslu. Hreppsnefnd samþykkir að veita 250.000 kr. til tækjakaupa.
- b) Félagið *Á Sturlungaslóð*, styrkbeiðni. Lagt fram til seinni umræðu og afgreiðslu. Hreppsnefnd samþykkir að veita 300.000 kr. vegna framkvæmda við bílaplan og skilti um Haugsnesbardagann. Hreppsnefnd veitir einnig framkvæmdaleyfi af sinni hálfu vegna bílaplansins.
- c) Erindi frá Bændur græða landið. Lagt fram til kynningar og afgreiðslu. Hreppsnefnd samþykkir að veita umbeðin styrk, 60.000 kr.
- d) Erindi frá sönghóp eldri borgara. Lagt fram til kynningar og afgreiðslu. Hreppsnefnd samþykkir að veita umbeðin styrk, 50.000 kr.
- e) Erindi frá Stígamótum. Lagt fram til kynningar og afgreiðslu. Hreppsnefnd ákveður að veita 50.000 kr. styrk.
- f) Erindi frá Víðimelsbræðrum vegna viðgerða á grjótgarði við þjóðveg 1, framan við Kjálkavegamótin . Lagt fram til umsagnar. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina.
- g) Erindi frá SSNV, ferð sveitarstjórnarmanna vorið 2019 til Borgundarhólma. Lagt fram til umræðu og afgreiðslu. Lagt til að oddviti fari í þessa ferð.
- a) Erindi frá lestrarfélögum sveitarfélagsins. Lagt fram til umræðu og afgreiðslu. Afgreiðslu frestað.
- b) Fundarboð frá Umhverfissráðuneytingu f.h. nefndar um stofnun Miðhálandisþjóðgarðs. Lagt fram til kynningar.
- c) Erindi frá stjórn félags ferðaþjónustunnar í Skagafirði. Lagt fram til kynningar.

- d) Styrkbeiðni frá stjórn Skagfirska kammerkórnum. Lagt fram til umræðu og afgreiðslu. Óskað eftir fjárstuðningi að upphæð 200.000 vegna uppsetningar á Magnificat. Hreppsnefnd samþykkir að veita 125.000 kr.
- e) Erindi frá húsverði Héðinsminni er varðar endurbætur á eldhúsi og aðstöðu þar. Lagt fram til umræðu en engar ákvarðanir teknar að sinni.
- f) Erindi sent til umsagnar frá nefndasviði Alþingis. Tillaga til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/149/s/0550.html>. Lagt fram til kynningar.
- g) Erindi sent til umsagnar frá nefndasviði Alþingis. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, með síðari breytingum (réttur námsmanna og fatlaðs fólks). Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/149/s/0140.html>
- h) Erindi frá Helgu Bjarnadóttur. Umsókn um styrk að fjárhæð 50 þús. krónur vegna starfsemi eldri borgara á Löngumýri. Erindið samþykkt.

#### 4. Önnur mál

Skýrsla oddvita.

**Hreppsnefnd vekur athygli á Þrettándabrennu á Úlfsstöðum, sem haldinn verður 4. janúar og hefst klukkan 20. Eru hreppsúar hvattir til þess að taka virkan þátt í gleðinni, klæða sig upp í búninga og hefja upp raust og syngja þrettándasöngva.**

Fundi slitið klukkan 00.40

Drífa Árnadóttir, Eyþór Einarsson, Þorkell Gíslason, Ragnhildur Jónsdóttir og Hrefna Jóhannesdóttir.